

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf., Núpum III Núpum III í Ölfusi.



Dags eftirlits	12.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Orri Filippusson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	390484,225 387985,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Ábending var gerð um að uppfæra lagnateikningar nú þegar breytingum sem snúa að aukinni endurnýtingu á eldisvatni lýkur. Eins var gerð ábending um það að ljúka tiltekt á lóð eldisstöðvarinnar að framkvæmdum loknu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. að Núpum III í Ölfusi. Að Núpum III er klak- og seiðaeldisstöð. Starfsleyfið tekur til eldis á 300 tonnum seiðum laxfiska á ári og skal lífmassi í stöðinni ekki vera meiri en 120 tonn á hverjum tíma.

Eftirlitið hófst á „teams“- fundi þann 10. júní sl. og þar mættu Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis og Orri Filippusson stöðvarstjóri á Núpum III ásamt Gottskálk Friðgeirssyni frá Umhverfisstofnun. Vettvangsheimsókn á Núpum III var með Orra þann 12. júní sl.

Boðuð dagskrá:

- Breytingar á Núpum III / byggingaframkvæmdir og tiltekt / vatnsöflun
- Staða rekstrar og hreinsivirkja í frárennsli / Staða gagnvart losunarmörkum í frárennsli
- Gagnaskil skv. starfsleyfi, mælinganiðurstöður / ársyfirlit / grænt bókhald
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Kynningar á vegum Umhverfisstofnunar
- Skoðun með Orra þann 12. júní sl.

1. Breytingar/framkvæmdir og staða þeirra

Enn eru framkvæmdir í gangi á Núpum III. Aukin vatnsöflun er langt komin þó enn eigi eftir að tengja lagnir inn í hús. Endurnýtingarkerfi eldisvatns er langt komið en það leiðir til nýrrar útrásar út í settjörn (frárennisskurð). Hreinsuðu eldisvatni verður dælt aftur inn í aðaleldishús stöðvarinnar og í útiker. Farið er fram á að uppfærðum teikningum af frárennislögnum stöðvarinnar sé komið á framfæri við Umhverfisstofnun.

Seyra sem myndast við hreinsunina er flutt í seyrutank og áætlað er að nýta seyruna til uppgræðslu. Viðræðum við sveitarfélagið Ölfus er þó ekki lokið.

Unnið er að stækkun húss um rafstöð og áætlað er að bæta við nýrri varaafsstöð sem verður staðsett í nýbyggingunni. Olíugeymir vegna rafstöðva verður færður. Geymirinn er með afgreiðsludælu og nýtist bæði vegna rafstöðva og til dælinga á lyftara stöðvarinnar. Minnt var á kröfur í olíureglugerð um afgreiðsluplan.

Enn eru bretti, timburafgangar og annar úrgangur (hráefni) við stöðina og skrifast það á framkvæmdirnar. Farið er fram á að rekstraraðili ljúki tiltekt á lóðinni þegar framkvæmdum lýkur og komi lóðinni í ásættanlegt horf.

2. Staða rekstrar og hreinsivirkja í frárennsli.

Samkvæmt Grænu bókhaldi stöðvarinnar fyrir árið 2023 gekk reksturinn vel. Um síðustu áramót voru 47,5 tonn af fiski (um 3 milljónir seiða) í stöðinni. Framleiðslan var um 172 tonn af laxa- og bleikjuseiðum og lífmassaukningin um 180 tonn. Gefið var um 180 tonn af fódri og fódurstuðull var því um 1.

Losun fosfórs var skv. Wang et.al. 7 kg á hvert framleitt tonn af fiski og losun köfnunarefnis skv. Wang et.al. var 41,2 kg á hvert framleitt tonn af fiski. Losun næringarefna var því í samræmi við kröfur í starfsleyfi og losunarmörk því virt. Sýni til mælinga á N og P var tekið 23. febrúar 2023 og mældist lítið af þessum efnem í frárennslinu. Svifagnir voru mældar mánaðalega á árinu 2023. Starfsleyfið kveður á um að rekstraraðili skuli hreinsa um 70% svifagna úr frárennslinu áður en það er losað í viðtaka. Svifagnir mældust mestar í desembermælingunni, eða 13 mg/l.

3. Gagnaskil; mælinganiðurstöður/ársyfirlit/grænt bókhald.

Öll tilskilin gögn bárust í tíma. Fram kemur í gögnunum að rekstraraðili heldur öll mörk sem sett eru vegna losunar næringarefna og mengunarefna í frárennsli.

Allar áætlanir sem fyrir skulu liggja eru dagsettar og uppfærðar eftir þörfum.

Skráningar eru flestar í Fishtalk. Starfsmaður sem sér um hreinsivirki í frárennsli skráir viðhald og þjónustu í Excelskjál. Skráningar voru skoðaðar í eftirlitinu.

Í ársyfirliti er samantekt á helstu atriðum í þjálfum starfsmanna. Starfsmenn kvitta fyrir þeirri þjálfun sem þeir hljóta. Engin mengunaróhöpp vegna olíu né hættulegra efna urðu á árinu 2023.

4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat vegna ársins 2025.

Farið var yfir áhættumat sem gert er til þess að meta tíðni eftirlita. Uppfært áhættumat fyrir stöðina mun liggja fyrir í upphafi næsta árs.

5. Kynningar á vegum Umhverfisstofnunar.

- kynning á áhættuflokkun á sjálfdaudum fiski (MAST),
- kynning á breytingum á gjaldskrá Umhverfisstofnunar,
- kynning nýjum kröfum vegna vöktunar á vatnshloti sem rekstraraðili losar frárennsli í.

8. Skoðun í stöðinni.

Farið var í skoðun á fiskeldisstöðinni. Stöðvarstjóri tók á móti fulltrúa Umhverfisstofnunar og hófst heimsóknin á stuttum fundi. Gengið var um stöðina og aðstaðan skoðuð. Fóðurgeymsla, efnageymsla og hreinsivirki í frárennsli skoðuð sérstaklega og breytingar sem gerðar hafa verið á stöðinni. Gengið var niður að vatnamótum (sýnatökustaður) þar sem frárennsli stöðvarinnar rennur í Sandá (vatnshlot nr. 103-791-R). Skurður sem er settjörn stöðvarinnar er um 540 metra langur.

Tiltekt utanhúss þarf að fara fram þegar yfirstandandi framkvæmdum lýkur.

ÁBENDINGAR


Ábending var gerð um að uppfæra lagnateikningar nú þegar breytingum sem snúa að aukinni endurnýtingu á eldisvatn lýkur.

Eins var gerð ábending um það að ljúka tiltekt á lóð eldisstöðvarinnar að framkvæmdum loknum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.07.2024



Gottskálk Friðgeirsson